Sambykkt þann
2 9 OKT. 1998
Byggingarfulltruinn í Hafnarfirði
Erlendur Hjálmarsson




EINSETNING ENGIDALSSKÓLA VIÐBYGGING

BYGGINGARLÝSING:

Þriggja hæða ný kennsluálma er byggð við norðurgafl núverandi skólahúss. Gólfkóti 1. hæðar er sá sami og í núverandi skólahúsi, Gk. jarðhæðar er - 3,4 m. og opnast hún til norðvesturs út í hraundæld. Gk. 2. Hæðar er + 3,2 m. Milli eldra húss og kennsluálmu er einnar hæðar tengibygging. Þar verður aðalinngangur skólans. Rekstraraðkoma verður um skábraut að dyrum á jarðhæð. Sorpgeymsla fyrir 1100 lítra hjólagáma er frístandandi á lóð við vesturgafl kennsluálmu. Gert er ráð fyrir flokkun sorps og safnkössum til úrvinnslu á lífrænum úrgangi. Nýbyggingin verður reist í einum áfanga.

Burðarkerfi og útveggir nýbyggingar eru úr staðsteypu, milligólf eru úr holplötum. Þak er úr timbri, aðalburðarvirki þaks er límtré B60.

Veggir nýbyggingar einangrast að utan með 100 mm þéttull, þak er einangrað með 200 mm þéttull. Á veggjum er málmklæðning, en suðurhlið kennsluálmu og inndregnir gaflar hennar eru múraðir á einangrun. Pappi er á þaki.
Allir innveggir eru A60

Öll gluggalaus rými eru loftræst skv. byggingarreglugerð. Gengið er frá inntökum veitna skv. byggingarreglugerð í sérstökum klefa á jarðhæð.

Sjálvirkt brunaviðvörunarkerfi, rýmingarleiðir, björgunarop, brunaslöngur, handslökkvitæki, neyðarlýsing og ÚT-ljós skulu vera í samræmi við kröfur brunamálareglugerðar og eldvarnareftirlits. Allar klæðningar eru í flokki 1. Hurðir eru B30 nema annars sé getið. Brunavarnauppdrættir fylgja aðaluppdráttum

EINSETNING ENGIDALSSKÓLA
VIÐBYGGING BREIÐVANGUR 42 A-101

ÞRIÐJA HÆÐIN ARKITEKTAR – FRIÐRIK FRIÐRIKSSON ARK. FAÍ